

LISTIR

HRATT FLÝR STUND

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

BLÖNDUÐ TÆKNI UM 60 ALPJÓÐLEGIR LISTA- MENN

Til 8. október. Opíð daglega frá kl.
10-18. Aðgangur kr. 400.

TÍMI, fresta för þinni – eins og sýningin Time Suspend Your Flight hefur verið nefnd á íslensku – er ekki fyrsta sýningin sem sett er upp um tímann á þessu herrans ári. Eflaust er hún heldur ekki sú síðasta. En ef hún er miðuð við Tíminn, undir eins! – Le Temps, vite! – sem Daniel Soutif setti upp í Pompidou-miðstöðinni í París á út-mánuðum með hátt á tólfta hundr- að verkum frá öllum tímum og heimshornum – einnig nýjasta nútíma – er hún harla smá í sniðum og þröngt hugsuð.

Á sínum eigin forsendum og samanburðarlaust er hún hins vegar þrýðileg og býsna vel úr garði gerð. Hún snýst að vísu helst til mikið um lítinn hóp Nýraunsæismanna og listamenn af Fluxuskynslóðinni, auk hugmyndlistarmanna frá sjöunda og áttunda áratugnum, og lætur sér oftast nægja eitt verk eftir hvern svo gestir verða helst að þekkja til listamanna til að skilja stöðu þeirra gagnvart hugmyndinni. Fyrir vikið verður Tími, fresta för dulítið of safnkennð. Listamennirnir eru of margir miðað við verkin.

Sem dæmi hefði mátt hugsa sér mun fleiri verk eftir Kristján Guðmundsson á þessari sýningu, því hafi einhver listamaður fengist við tímann þá er það einmitt Kristján. Það er rýrt að kynna mann með aðeins einu, litlu verki sem búið hefur til hljóðfráar teikningar, lýst ferli jarðar um sólu og lengstu nótt á Íslandi, sýnt hraðamun með muldu og sæbörðu grjóti og látið blek drjúpa ofan í pappír í takt við tímann.

Svo eru aðrir listamenn sem varla er hægt að flokka nema óbeint sem tímatengda listamenn, svo sem Daniel Buren, þótt randalínur hans taki tíma eru þær öðru fremur rýmisráðandi. Mun nærtækara hefði verið að velja verk eftir Pol Bury eða jafnvel Alberto Burri, ef menn voru á höttunum


eftir listamönnum með samstæðunni bur í nafni sínu. Eins og Burri hefði Yves Klein – en báðir reyndu að mála með eldfærum – mátt vera á þessari sýningu, og auðvitað einnig Piero Manzoni, en varla Buren. En sá franskur listamaður sem auðvitað hefði sómt sér hvað best á sýningu helgaðri tímanum er Sophie Calle, listakona sem árið 1979 bauð 45 manneskjum að sofa í rúminu sínu, einni af annarri, í átta tíma hverri og skráði allar vaktirnar með textum og ljósmyndum.

Aftur hefur Daniel Soutif vinninginn, því á sinni sýningu sýndi hann gjörlla hve margir ítalskir listamenn hafa fengist beinlínis við tímann í einni eða annarri mynd, en sú þjóð er fjarri góðu gamni á Kjarvalsstöðum. Soutif valdi meðal annarra Giovanni Anselmo með kálhöfuðið sem heldur höggmyndinni saman, Mario Merz með Fibonaccikrókóðlínn og Giuseppe Penone með Andardráttinn sinn úr leir.

Ög auðvitað leiðir það hugann aftur að íslenskum listamönnum á borð við Magnús Pálsson og Lendingu Síkorský-þyrlunnar, en það er einmitt í eigu Listasafns Reykjavíkur svo hægari gátu heimatökin ekki verið. Af hverju var Magnús ekki á sýningunni og hví var Steina Vasulka ekki valin, listamaður sem nálgast hefur tímahugtakið frá óteljandi hlíðum?

Þá eru nánast engir Norðurlandabúar á sýningunni á Kjarvalsstöðum, en fjölmargir framúrskarandi listamenn úr þeim heimshluta hafa einmitt verið að fást við tímahugtakið með frumlegum og óvæntum hætti á allra seinustu árum. Má þar nefna Danann Joachim Koester, sænsku listakonuna Ann-Sophie Sidén, Norðmanninn Torbjörn Rødland og finnsku listakonuna Eiju-Liisu Ahtila. Sömuleiðis vantar yngri listamenn frá meginlandi Evrópu og Norður-Ameríku, auk asiískra og suður-amerískra fulltrúa, en tímahugtakið hefur verið mjög áleiði í báðum síðarnefndu álfunum.

En er þá engin glæta í sýningunni á Kjarvalsstöðum? Vissulega, og eins og áður var bent á þá fylgir sýningin þrýðilega eftir kynslóð listamanna sem var að fóta sig í nýjum miðlum og nýjum listhugmyndum á sjöunda, áttunda og níunda áratugnum. Af eftirtektarverðum listaverkum má til dæmis



Morgunblaðið/Halldór B. Runólfsson

Fánar eða Tvö málverk frá 1973 - 1978, eftir Daniel Buren eru dæmigerð fyrir listamanninn.



Elektrónískt skilti úr myndröðinni Lustmord, frá 1993 - 94, eftir Jenny Holzer.



Lyktarorgel Dieter Roth er komið í sitt upprunalega form.

benda á hið yfirgripsmikla verk Tehcing Hsieh, One Year Outdoor Piece – Eins árs utandyraveik – frá 1981 til 1982, á miðgangi Kjarvalsstaða. Listamaðurinn lagði á sig að lifa sem utangarðsmaður í heilt ár án þess að koma heim til sín, og lýsa afstöðukort á veggnum staðsetningu Hsieh í New York alla þá tólf mánuði sem hann dvaldi fjarri íbúð sinni. Þá sýna gagnsær kassar fatnaðinn sem hann íklæddist sem utangarðsmaður.

Annað sláandi verk er ljósaskilvinda Jenny Holzer, eða rafknúinn stafabirtir úr myndröðinni Lustmord – Lostamorð – frá 1993 til 1994.

Þetta innrauða galdratæki bregð-

ur upp óhugnanlegri sögu með orðum sem líða upp og hverfa jafnóðum. Þá er kærkomin kynning sýningarinnar á pólsk-franska hugmyndlistarmanninum Roman Opalka sem er þekktur fyrir að mála tölur sem hann telur til að fylgjast með tímanum. Jafnframt lætur hann taka af sér mynd frá degi til dags svo ekki fari milli mála hvernig hann breytist með aldrinum. Sannleikurinn er sá að málverk Opalka eru sláandi fögur í grátónum sínum og mun liflegri en hugmyndin hljómar.

Þá er stórkostlegt að sjá aftur Lyktarorgel Dieter Roth í upprunalegri mynd, en það er búið til úr pappahólkum og bundið saman

eins og panflauta. Um tíma var þetta verk fellt inn í grámálaðan kassa og missti við það allan sinn upprunalega karakter. Nú má sjá hve gott þetta verk er, sem flæmði á sínum tíma burt sýningargesti vegna pestarinnar sem af því lagði. Nú fæli það ekki frá lengur enda er ódauinn úr sögunni en eftir stendur fallegt og frumlegt verk sem hvergi á sinn líka.

Einn helsti fengur sýningarinnar er verkið Eitt ár – One Year – frá 1972, eftir páfa Fluxushreyfingarinnar, George Maciunas. Þótt raðirnar af appelsínusafadósunum minni óneitanlega á málverk Andy Warhol af Campbell's súpudósunum hefur það merkilega nálægð og allt aðra en verk poppmálarans. Þá er Identical Lunch – Alveg eins matur – Alison Knowles, frá 1973 – silkiþrykkt og máluð myndröð – einstaklega upplýsandi og fersk.

Vissulega má bæta við fjölmörgum öðrum ítemum – til dæmis Sól-arbrunamyndröð Charles Ross, frá 1972, sem kallast á við Weybourne nr. 7, eftir Roger Ackling, sem brennt er með stækkunargleri – en það yrði of plássfrekt. Það er því enginn svikinn af því sem hann finnur á sýningunni, þótt eflaust sakni margir annarra verka sem þar eru ekki.

Sýningarskráin er ágætlega úr garði gerð og margt fróðlegt að finna í henni þótt ef til vill sé það galli að ekki skuli vera smáfírlit yfir lífshlaup hvers listamanns. Skráin er þó alltént til kynningar, ekki satt? En hvað sýninguna Tími, fresta för varðar þá ætti enginn að láta hana fram hjá sér fara. Til þess hefur hún of mörg merkileg verk að geyma.

Halldór Björn Runólfsson

KVÖLD SKÓLI

Haustönn 2000

**Iðnskólinn í Reykjavík,
sem er stærsti framhaldsskóli
landsins, býður fram fjölbreytt,
spennandi og hagnýtt nám
í kvöldskóla**